

28. október 2015

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á þriðja ársfjórðungi 2015:

Áframhaldandi hagnaðaraukning og traustur rekstur

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir þriðja ársfjórðung 2015 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 28. október 2015.

- Besti ársfjórðungur sögunnar hvort sem litið er til tekna eða hagnaðar
- Hagnaður á ársfjórðungnum nam 502 m.kr. og jókst um 5% – hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins nam 1.038 m.kr. og jókst um 26% á milli ára
- EBITDA hagnaður nam 1.026 m.kr. á ársfjórðungnum og hækkaði um 3 m.kr. á milli ára – EBITDA á fyrstu níu mánuðum ársins nam 2.521 m.kr. sem er hækkun um 8%
- Tekjuaukning var 2% á ársfjórðungnum og 3% á fyrstu níu mánuðum ársins
- Framlegð stendur í stað á ársfjórðungnum á milli ára – hækkun 3% á fyrstu níu mánuðum ársins
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 5 m.kr. á ársfjórðungnum og því á pari á milli ára
- Eiginfjárlutfall var 57,9%
- Handbært fé frá rekstri 16% hærra en á sama tímabili 2014

Lykiltöluyfirlit:

	3F 2015	3F 2014	Breyt.	% breyt.	9M 2015	9M 2014	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.433	3.362	71	2%	10.092	9.829	263	3%
Kostnaðarverð	1.689	1.620	69	4%	5.235	5.133	102	2%
Framlegð	1.744	1.742	2	0%	4.857	4.696	161	3%
Rekstrarkostnaður	1.043	1.048	-5	0%	3.307	3.348	-41	-1%
EBITDA	1.026	1.023	3	0%	2.521	2.330	191	8%
EBIT	701	694	7	1%	1.550	1.348	202	15%
Hrein fjármagnsgjöld	75	101	-26	-26%	256	327	-71	-22%
Hagnaður tímabilsins	502	476	26	5%	1.038	821	217	26%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>50,8%</i>	<i>51,8%</i>			<i>48,1%</i>	<i>47,8%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>29,9%</i>	<i>30,4%</i>			<i>25,0%</i>	<i>23,7%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>20,4%</i>	<i>20,6%</i>			<i>15,4%</i>	<i>13,7%</i>		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur félagsins stóð áfram traustum fótum á þriðja fjórðungi ársins og hagnaður hélt áfram að aukast. Tekjur samstæðunnar jukust einkum af sjónvarpi, interneti og vörusölu í takt við áherslu félagsins á að færa viðskiptavinum nýjungar á þessum sviðum. Vöxtur var í tekjum af farsíma á Íslandi en samdráttur í Færeyjum þar sem verð lækkuðu mikið í kjölfar harðrar verðsamkeppni á færeyska markaðnum. Þrátt fyrir þetta er þriðji fjórðungur besti ársfjórðungur í sögunni hvort sem litið er til tekna eða hagnaðar sem mjög ánægjuleg niðurstaða.

Starfsemi ársfjórðungsins einkenndist af mikilli þróun á sjónvarpsþjónustu Vodafone. Nýtt og endurbætt Vodafone Sjónvarp var kynnt til leiks í september og þar nýjar áskriftarleiðir sem hefur verið vel tekið. Breytingarnar fólust í nýju viðmóti og auknu efnisúrvali meðal annars þremur Vodafone PLAY sjónvarpsþökkum og úrvalsefni frá sjónvarpsþjónustunni Cirkus. Á tímabilinu hóf Vodafone að færa viðskiptavinum sínum 500Mbps tengingar yfir ljós í samvinnu við Gagnaveitu Reykjavíkur, hröðustu tengingar sem bjóðast einstaklingum á Íslandi. Mikill undirbúningur átti sér stað á fjórðungnum í tengslum við sölu Vodafone á Office 365, í samstarfi við Microsoft og Vodafone Group, sem hefst á næstu vikum.

Uppbygging háhraðaðjónustusvæðis félagsins hélt jafnframt áfram af fullum krafti á þriðja ársfjórðungi. Á meðal svæða til að 4G Vodafone væðast eru m.a. Stykkishólmur og landið og miðin út frá Langanesi auk stórbættis netsambands í Borgarbyggð. Við merkjum mikla ánægju með þessa uppbyggingu sem eykur lífsgæði til sjós og lands.“

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2011



Rekstrarafkoma á 3. ársfjórðungi 2015:

Tekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi 2015 námu 3.433 m.kr. og hækkuðu um 2% eða 71 m.kr. frá sama ársfjórðungi 2014. Flokkun tekna er með sama sniði og í fyrri uppgjörum, þar sem vörusala hefur verið tekin úr öðrum tekjum og sér tilgreind en heildsöluhluti annarra tekna heimfærður á aðra starfsþætti. Tekjur af vörusölu námu 317 m.kr. og jukust um 20% á milli ársfjórðunga. Tekjur af interneti jukust um 64 m.kr. á ársfjórðungnum eða sem nemur 8% á milli ára. Sjónvarpstekjur jukust um 31 m.kr. eða 7% samanborið við sama ársfjórðung 2014 og námu 454 m.kr. Aðrar tekjur jukust um 16 m.kr. eða 12% á ársfjórðungnum. Tekjur af farsíma námu 1.277 m.kr. og lækkuðu um 4% á milli ársfjórðunga. Á Íslandi jukust farsímatekjur félagsins um 1,4% á ársfjórðungnum en í Færeyjum drógust þær saman um 20,9%, einkum vegna reglugerðar- og gengisbreytinga auk aukinnar verðsamkeppni í Færeyjum.

Framlegð fjórðungsins nam 1.744 m.kr., sem er hækkun um 2 m.kr. eða á pari við niðurstöðuna á sama ársfjórðungi 2014. Rekstrarkostnaður nam 1.043 m.kr. á tímabilinu og lækkaði um 5 m.kr. á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins jókst um 3 m.kr. og nam 1.026 m.kr. Aukningin er á pari við þriðja ársfjórðung 2014 og er um að ræða mesta EBITDA hagnað félagsins á ársfjórðungi frá upphafi. EBITDA hlutfall tímabilsins var 29,9%.

Hrein fjármagnsgjöld héldu áfram að lækka á ársfjórðungnum. Námu þau 75 m.kr. á ársfjórðungnum, sem er lækkun um 26% á milli ára.


Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 626 m.kr. á þriðja ársfjórðungi og jókst um 33 m.kr. frá sama tímabili 2014. Reiknaður tekjuskattur var 124 m.kr. Hagnaður ársfjórðungsins nam 502 m.kr., sem er hækkun um 26 m.kr. á milli tímabila á milli ára eða 5%.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2015

Handbætt fé frá rekstri 3 ársfjórðungs 2015 var 981 m.kr. og jókst um 16% á milli ára. Fjárfestingarhreyfingar námu 314 m.kr. á tímabilinu sem er 101 m.kr. lækkun frá sama ársfjórðungi 2014.

Frá áramótum hafa vaxtaberandi skuldir félagsins breyst úr 5.099 m.kr. í 4.418 m.kr. eða sem nemur lækkun um 681 m.kr., einkum í kjölfar endurfjármögnunar félagsins í júní síðastliðnum eins og greint var frá í síðasta uppgjöri. Í heild jukust fjármögnunargreyfingar félagsins um 135 m.kr. á ársfjórðungnum á milli ára, einkum vegna framkvæmdar á endurkaupaáætlun félagsins um kaup á eigin bréfum sem hófst á ársfjórðungnum (samanber tilkynningu dags. 6. júlí 2015). Sjá nánar um stöðu endurkaupaáætlunarinnar á bls. 4.

Handbætt fé í lok tímabilsins nam 803 m.kr. sem var 286 m.kr. hærra en í upphafi þess.



Efnahagur 30. september 2015:

Efnahagur félagsins er áfram sterkur í lok 3. ársfjórðungs 2015. Eigið fé í lok tímabilsins var 9.041 m.kr. Eiginfjárlutfall var 57,9%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 6.573 m.kr., þar af voru vaxtaberandi skuldir 4.418 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 3.615 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,1. Veltufjárlutfall var 1,6.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á 3. ársfjórðungi 2015:

- Þriðji ársfjórðungur einkenndist af mikilli þróun á sjónvarpsþjónustu félagsins og markaðsstarfi þar að lútandi. Nýtt og endurbætt Vodafone Sjónvarp var kynnt til leiks í september og þar nýjar áskriftarleiðir sem hafa mælst vel fyrir. Auk mikilla tækninýjunga og stórbætts viðmóts bættist einnig við efnisúrvalið, meðal annars úrvalsefni frá sjónvarpsþjónustunni Cirkus. Á meðal nýjunga sem kynntar voru eru svokallaðir Vodafone PLAY áskriftarpakkar, í þremur mismunandi útfærslum á hagstæðum verðum. Í markaðsstarfi félagsins hefur einnig verið lögð áhersla á að styðja við öra stækkun 4G þjónustusvæðis félagsins, ekki síst á og við helstu fiskimið landsins. Á meðal svæða til að 4G Vodafone væðast á ársfjórðungnum voru m.a. Stykkishólmur og landið og miðin út frá Langanesi.
- Greint var frá því á ársfjórðungnum að félagið hefði gengið til liðs við Samtök iðnaðarins og tekur nú þar þátt m.a. í starfi Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja (SUT).
- Neytendastofa kvað upp úrskurð Vodafone í vil í kvörtunarmáli gegn Símanum á tímabilinu. Brotin áttu röt að rekja til auglýsingaherferðar Símans fyrir á árinu þar sem haldið var fram meintum yfirburðum Sjónvarps Símans. Féllst Neytendastofa á rök Vodafone í málinu og lagði á Símann stjórnvaldssekt fyrir brot á lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
- Staða annarra dómsmála sem áður hefur verið fjallað um er að mestu óbreytt, bæði þeirra sem fyrirtækið hefur haft frumkvæði að og þeirra sem beinast að félaginu. Að öðru leyti vísast til skýringar númer 7 um ágreiningsmál í árshlutareikningi.
- Framkvæmd endurkaupaáætlunar félagsins (sjá tilkynningu frá 6. júlí 2015) heldur áfram. Þann 26. október hefur félagið fest kaup á 6.356.136 eigin hlutum og á að viðskiptunum loknum 1,99% af útgefnum hlutum í félaginu. Samkvæmt áætluninni munu endurkaupin nema að hámarki 10.300.000 hlutum eða sem nemur 3,06% af útgefnum hlutum í félaginu, þó ekki meira en 400 m.kr. að kaupverði. Endurkaupaáætlunin gildir til 31. desember 2015 nema ef kaupum samkvæmt henni verður lokið áður.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2015

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2015 eru óbreyttar.

- EBITDA hagnaður ársins 2015 verði á bilinu 3,1 til 3,3 milljarðar króna.
- Fjárfestingarhlutfall verði á bilinu 10,5 til 11,5%.

Kynningarfundur 29. október 2015:

Opinn kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 29. október 2015 í höfuðstöðvum Vodafone að Skútuvogi 2. Á fundinum munu Stefán Sigurðsson, forstjóri, og Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri



fjármála- og rekstrarsviðs, kynna uppgjörið og svara spurningum. Kynningin hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunverð frá kl. 8.00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2015:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 1F 2015: | 29. apríl 2015 |
| ✓ Uppgjör 2F 2015: | 19. ágúst 2015 |
| ✓ Uppgjör 3F 2015: | 28. október 2015 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2015 | 17. febrúar 2016 |

Aðalfundur 2016 verður haldinn í viku 11 árið 2016.

Frekari upplýsingar:

- ✓ Gunnhildur Ásta Guðmundsdóttir, almanna- og fjárfestatengill, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9151.